

Mál nr. 95/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/málskotsnaðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um gildissvið vátryggingarinnar, undanskilin áhætta
samkvæmt vátryggingaskilmálum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur sig eiga rétt til bóta vegna ágreiningsmáls þar sem gagnaðili er bróðir M sbr. fyrirliggjandi gögn og umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála gr. 25.9 þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggða sem eiganda fasteignar.

Félagið telur ljóst að ágreiningur aðila varði vátryggða sem eiganda fasteignar enda hefði M aldrei átt löglega aðild að málum nema vegna þess að hún var þinglýstur eigandi fasteignarinnar á þeim tíma sem ágreiningsmál áttu sér stað.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða. Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan (M) sem eiganda fasteignar líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.